

Þorsteinn bóndi honum þar at vera, ok þat þiggð hann. Gunnlaugr segir Þorsteini, hversu farit hafði með þeim feðgum. Þorsteinn bað hann þar vera þeim stundum, sem hann vildi, ok þar var hann þau missari ok nam lögspeki at Þorsteini, ok virðisk öllum mönnum þar vel til hans. Jafnan skemmtu þau Helga sér at tafli ok Gunnlaugr; lagði hvárt þeira góðan þokka til annars bráðliga, sem raunir bar á síðan; þau vóru mjök jafnaldrar. Helga var svá fögr, at þat er sögn fróðra manna, at hon hafi fegrst kona verit á Íslandi. Hár hennar var svá mikit, at þat mátti hylja hana alla, ok svá fagrt sem gull barit,¹ ok engi kostur þótti þá þvílíkr sem Helga in fagra í öllum Borgarfirði ok víðara annars staðar.

Ok einnhvern dag, er menn sátu í stofu at Borg, þá mælti Gunnlaugr til Þorsteins: „Einn er sá hlutr í lögum, er þú hefir eigi kennt mér, at fastna mér konu.“ Þorsteinn segir: „Þat er lítit mál,“ ok kenndi honum atferli. Þá mælti Gunnlaugr: „Nú skalt þú vita, hvárt mér hafi skilizk, ok mun ek nú taka í hönd þér ok láta sem ek festa mér Helgu, dóttur þína.“ Þorsteinn segir: „Þarfleysi ætla ek þat vera,“ segir hann. Gunnlaugr þreifaði þá þegar í hönd honum ok mælti: „Veit mér nú þetta,“ segir hann. „Ger sem þú vill,“ segir Þorsteinn, „en þat skulu þeir vita, er hjá eru staddir, at þetta skal vera sem ómælt ok þessu skulu engi undirmál fylgja.“ Síðan nefndi Gunnlaugr sér vátta ok fastnaði sér Helgu ok spurði síðan, hvárt þá mætti svá nýta. Hann kvað svá vera mega, ok varð mönnum mikit gaman at þessu, þeim er við vóru staddir.²

¹ Til samanburðar við þetta má minna á lýsinguna á Hallgerði langbrók í Njálu, 1. og 9. kap., og lýsinguna á Hallgerði Tungu-Odds dóttur í Landn., 200. kap.

² Þessi frásögn minnir að sumu leyti allmikið á viðskipti þeirra Kaupa-Héðins (Gunnars á Hlíðarenda) og Hrúts Herjólfssonar í Njálu, 22.—23. kap.